



# Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 31. mars 2025



# Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla- og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X977, Já og dótturfélagin Endor ehf. og Eignarhaldsfélagið Njálu ehf. Félagið á í fjölbættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Sýnar hf. og dótturfélaga þess (Endor ehf. og Eignarhaldssfélagið Njálu ehf.) ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

## Rekstur fjórðungsins

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 5.220 millj. kr. samanborið við 5.365 millj. kr. á sama tímabili árið 2024. Tap af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 344 millj. kr. samanborið við 153 millj. kr. tap á sama tímabili árið 2024. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 30.783 millj. kr. í lok tímabilsins. Eigið fé samstæðunnar nam 8.313 millj. kr. og var eiginfjárlutfallið 27,0%. Í lok tímabilsins voru stöðugildi samstæðunnar 404 í samanburði við 422 í upphafi árs.

## Fyrirhugaður samruni dótturfélaganna Endor ehf. og Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf. við Sýn

Fyrirtækjaskrá hefur til meðferðar samrunaáætlun vegna fyrirhugaðrar sameiningar Sýnar hf., Endor ehf., Eignarhaldsfélagsins Njálu ehf. og Já hf., sem miðast við 1. janúar 2025. Tilgangur samrunans er að auka hagræðingu og arðsemi í rekstri. Gert er ráð fyrir að ljúka samruna á öðrum ársfjórðungi ársins 2025.

## Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2025 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2025.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. maí 2025

## Stjórn

Hákon Stefánsson, stjórnarformaður

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, varaformaður

Heiðrún Lind Marteinsdóttir

Páll Gíslason

Ragnar Páll Dyer

## Forstjóri

Herdís Dröfn Fjeldsted

## Fjárhagslegar lykiltölur

	2025 1F	2024 1F*
<b>Fjárhagsupplýsingar</b>		
Heildartekjur	5.220	5.365
EBITDA tímabilsins	890	1.097
EBITDAaL tímabilsins **	582	750
EBIT	( 139)	47
Tap fyrir tekjuskatt	( 433)	( 266)
Tap tímabilsins	( 344)	( 153)
Tap á hlut	( 1,39)	( 0,62)
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	163	443
Fjárfestingar í sýningarréttum	316	500
EBITDAaL** að frádregnum fjárfestingum	102	( 193)
Handbært fé frá rekstri	850	673
	<b>31.3. 2025</b>	<b>31.12. 2024</b>
Hreinar vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	5.901	6.116
Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingum	18.100	18.373

\* Fjárhæðum fyrir fyrsta ársfjórðung 2024 hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu rekstrarreiknings og vegna aflagðrar starfsemi Endor ehf., sbr. skýring nr. 10.

\*\* EBITDAaL er EBITDA að frádregnum hreinum leigugreiðslum.



# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. mars 2025

	Skýr.	2025 1F	2024 1F*
<b>Rekstrartekjur</b>			
Seldar vörur og þjónusta	5	5.220	5.365
		5.220	5.365
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu		2.156	2.128
Laun og launatengd gjöld	6	1.638	1.568
Annar kostnaður		536	571
		4.330	4.268
<b>Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, EBITDA</b>		890	1.097
Afskriftir	7	1.029	1.050
<b>Rekstrarafkoma</b>		( 139)	47
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Fjármunatekjur	8	17	16
Fjármagnsgjöld	8	( 317)	( 332)
Gengismunur		6	3
Hrein fjármagnsgjöld		( 294)	( 313)
<b>Tap fyrir tekjuskatt</b>		( 433)	( 266)
Tekjuskattur		89	68
<b>Tap tímabilsins af áframhaldandi starfsemi</b>		( 344)	( 199)
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta		0	46
<b>Tap tímabilsins</b>		( 344)	( 153)
<b>Önnur heildarafkoma</b>			
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>			
Þýðingarmunur		( 4)	( 5)
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>		( 348)	( 158)
<b>Tap á hlut</b>		( 1,39)	( 0,62)

\* Fjárhæðum fyrir fyrsta ársfjórðung 2024 hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu rekstrarreiknings og vegna aflagðrar starfsemi Endor ehf., sbr. skýring nr. 10.

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

# Efnahagsreikningur

31. mars 2025

	Skýr.	31.3.2025	31.12.2024
<b>Fastafjármunir</b>			
Rekstrarfjármunir		3.174	3.298
Viðskiptavild		7.818	7.818
Aðrar óefnislegar eignir		5.125	5.252
Leigueignir		7.662	7.723
Eignahlutir í félögum		85	85
Langtímaleigukröfur		113	127
Tekjuskattseign		160	71
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>24.137</b>	<b>24.374</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Sýningarréttir		2.291	2.427
Birgðir		340	347
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	9	3.742	3.639
Handbært fé		273	264
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>6.646</b>	<b>6.676</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>30.783</b>	<b>31.050</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé		2.476	2.476
Yfirverðsreikningur hlutfjár		542	542
Annað bundið eigið fé		638	498
Óráðstafað eigið fé		4.657	5.136
<b>Eigið fé</b>		<b>8.313</b>	<b>8.652</b>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir		4.042	4.126
Leiguskuldir		11.545	11.615
<b>Langtímaskuldir samtals</b>		<b>15.587</b>	<b>15.741</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir		2.132	2.255
Leiguskuldir		654	642
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	11	4.095	3.760
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>6.882</b>	<b>6.657</b>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>22.470</b>	<b>22.398</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>30.783</b>	<b>31.050</b>

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.

# Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 31. mars 2025

	Hlutafé	Yfirverð	Annað bundið eigið fé			Eigið fé samtals
			Þýðingarmunur	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	
<b>1.1. til 31.3.2024</b>						
Eigið fé 1.1.2024	2.493	602	48	226	6.920	10.288
Tap tímabilsins	-	-	-	-	( 153)	( 153)
Þýðingarmunur	-	-	( 5)	-	-	( 5)
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>( 5)</b>	<b>0</b>	<b>( 153)</b>	<b>( 158)</b>
Keypt eigin bréf	( 16)	( 60)	0	0	0	( 76)
Hagn.dóttur fél. umfram arðgr.	0	0	0	57	( 57)	0
<b>Eigið fé 31.3.2024</b>	<b>2.477</b>	<b>542</b>	<b>43</b>	<b>283</b>	<b>6.710</b>	<b>10.053</b>
<b>1.1. til 31.3.2025</b>						
Eigið fé 1.1.2025	2.476	542	4	494	5.136	8.652
Tap tímabilsins	-	-	-	-	( 344)	( 344)
Þýðingarmunur	-	-	( 4)	-	-	( 4)
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>( 4)</b>	<b>0</b>	<b>( 344)</b>	<b>( 348)</b>
Kaupréttir	-	-	-	9	-	9
Hagn.dóttur fél. umfram arðgr.	-	-	-	135	( 135)	0
<b>Eigið fé 31.3.2025</b>	<b>2.476</b>	<b>542</b>	<b>0</b>	<b>638</b>	<b>4.657</b>	<b>8.313</b>

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árs hlutareiknings samstæðunnar.

# Sjóðstreymisyfirlit

1. janúar til 31. mars 2025

	Skýr.	2025 1F	2024 1F*
Tap tímabilisins samkvæmt rekstrarreikningi		( 344)	( 153)
<b>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:</b>			
Afskriftir	7	1.029	1.050
Hrein fjármagnsgjöld	8	293	314
Tekjuskattur		( 89)	( 26)
Áhrif af aflagðri starfsemi		0	( 25)
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>889</b>	<b>1.159</b>
<b>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:</b>			
Birgðir, lækkun		7	71
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, hækkun		( 93)	( 29)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		351	( 209)
<b>Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt</b>		<b>1.154</b>	<b>993</b>
Innborgaðar vaxtatekjur		17	16
Greidd vaxtagjöld		( 321)	( 336)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>850</b>	<b>673</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		( 64)	( 107)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		( 100)	( 336)
Fjárfesting í sýningarréttum		( 316)	( 500)
<b>Fjárfestingarhreyfingar samtals</b>		<b>( 479)</b>	<b>( 943)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Keyptir eigin hlutir		0	( 76)
Afborganir vaxtaberandi skulda		( 84)	( 84)
Rekstrarlán, breyting		( 122)	58
Afborgun leiguskuldbindinga		( 156)	( 193)
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals</b>		<b>( 362)</b>	<b>( 295)</b>
<b>Breyting á handbæru fé</b>		<b>9</b>	<b>( 564)</b>
Handbært fé í byrjun árs		264	624
Gengisbreyting á handbæru fé		0	( 2)
<b>Handbært fé í lok tímabilisins</b>		<b>273</b>	<b>58</b>

\* Fjárhæðum fyrir fyrsta ársfjórðung 2024 hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu rekstrarreiknings og vegna aflagðrar starfsemi Endor ehf., sbr. skýring nr. 10.

Skýringar á bls. 9-11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings samstæðunnar.



# Skýringar

## 1. Félagið

Sýn hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla, og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X 977, Já og dótturfélögin Endor ehf. og Eignarhaldsfélagið Njálu ehf. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árslutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025 hefur að geyma árslutareikning félagsins, dótturfélaga þess ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

## 2. Reikningsskilin

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2025 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreikningsins 2024. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2024. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins [www.syn.is](http://www.syn.is) og á vef Kauphallar Íslands, [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

### b. Mat stjórnenda og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## 3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

## 4. Starfspáttayfirlit

Félagið skilgreinir starfspætti eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og telst samstæðan í heild vera einn starfspáttur.

## 5. Seldar vörur og þjónusta

	2025	2024
	1F	1F
Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:		
Vörusala	263	288
Seld þjónusta	4.957	5.077
Seldar vörur og þjónusta samtals	5.220	5.365

Tekjustráumar	Fjöl- miðlun		Hýsingar- og rekstrar				Aðrar	
	Internet	Farsími	Fastlína	lausnir	Vörusala	tekjur	Samtals	
<b>1.1. til 31.3.2025</b>								
Tekjur	2.259	1.231	1.015	110	117	263	226	5.220
<b>1.1. til 31.3.2024</b>								
Tekjur	2.381	1.147	1.062	106	139	288	242	5.365

## Skýringar, frh.:

### 6. Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
	1F	1F
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	1.299	1.308
Lífeyrisiðgjöld	173	188
Kostnaður vegna kaupréttarsamninga	9	0
Önnur launatengd gjöld	241	240
Eignfærð laun	( 83)	( 168)
<b>Laun og launatengd gjöld samtals</b>	<b>1.638</b>	<b>1.568</b>

### 7. Afskriftir

	2025	2024
	1F	1F
Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:		
Afskriftir rekstrarfjármuna	223	210
Afskriftir annarra óefnislegra eigna	139	137
Afskriftir sýningarrétta	451	488
Afskriftir vörumerkja og viðskiptasambanda	52	50
Afskriftir leigueigna	163	164
<b>Afskriftir samtals</b>	<b>1.029</b>	<b>1.050</b>

### 8. Hrein fjármagnsgjöld

	2025	2024
	1F	1F
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	15	14
Vaxtatekjur af leigukröfum	2	2
<b>Fjármunatekjur samtals</b>	<b>17</b>	<b>16</b>
Vaxtagjöld og önnur þjónustugjöld	( 163)	( 175)
Vaxtagjöld af leiguskuldum	( 154)	( 157)
<b>Fjármagnsgjöld samtals</b>	<b>( 317)</b>	<b>( 332)</b>

### 9. Viðskiptakröfur

	31.03.2025	31.12.2024
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	3.426	3.326
Aðrar skammtímakröfur	348	354
Leigukröfur	30	22
Niðurfærsla viðskiptakrafna	( 62)	( 63)
<b>Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals</b>	<b>3.742</b>	<b>3.639</b>

## Skýringar, frh.:

### 10. Sala á hluta af starfsemi Endor ehf.

Þann 1. október 2024 undirrituðu Sýn hf. og Hexatronic kaupsamning um hluta af starfsemi Endor ehf. Viðmiðunardagur viðskiptanna var þann 20. september sl. Hluti kaupverðsins var greiddur í byrjun október 2024 og verður seinni hluti kaupverðsins greiddur á öðrum ársfjórðungi ársins 2025. Hagnaður af sölu starfseminnar nam 160 millj. kr.

Samanburðartölum í rekstrarreikningi og sjóðstreymi hefur verið breytt og er nú rekstur seldu starfsemi Endor ehf. nú tilgreindur í einni línu í rekstrarreikningi sem aflögð starfsemi.

Afkoma seldu starfseminnar á tímabilinu er eftirfarandi	<b>2024</b>
	<b>3M</b>
Tekjur	743
Sala innan samstæðu	( 173)
<b>Ytri tekjur</b>	<b>569</b>
Gjöld	675
Gjöld innan samstæðu	( 173)
<b>Ytri gjöld</b>	<b>502</b>
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>67</b>
Skattar	( 21)
<b>Samtals áhrif af aflagðri starfsemi</b>	<b>46</b>

### 11. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	31.03.2025	31.12.2024
Viðskiptaskuldir	1.895	2.129
Ógreiddur virðisaukaskattur	495	234
Fyrirfram innheimtar tekjur	610	471
Ógreidd launatengd gjöld	919	805
Aðrar skammtímaskuldir	177	121
<b>Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals</b>	<b>4.095</b>	<b>3.760</b>

### 12. Önnur mál

Sýn hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir í íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málarekstur þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áþreifanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið. Einnig kann félagið að eignast dæmdar kröfur á hendur þriðju aðilum. Hér að neðan er gerð grein fyrir málum sem fengu framgang á fyrsta ársfjórðungi 2025. Um málarekstur Sýnar hf. að öðru leyti vísast í skýringu 30 í ársreikningi 2024.

# Skýringar, frh.:

## 12. Önnur mál, frh.

### Skaðabótakröfur gegn Símanum hf.

Í máli nr. E-2362/2020 hefur félagið gert skaðabótakröfu á hendur Símanum hf. vegna fjártjóns sem Síminn hf. olli félaginu í tengslum við brot gegn 5. mgr. 45. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 vegna tímabilsins 1. okt. 2015 til 1. des. 2017. Byggir félagið á því að brot Símans hf. gegn framangreindu lagaákvæði hafi skilað Símanum hf. miklum ávinningi í formi aukinna fjarskiptaviðskipta og valdið félaginu samsvarandi tjóni. Dómur féll í héraði 19. feb. 2024 þar sem fallist var á þriðju varakröfu Sýnar í málinu og Símanum var gert að greiða félaginu 16.597.626 krónur auk dráttarvaxta frá 7. apríl 2020 til greiðsludags vegna ólögmætra og saknæmra markaðsaðgerða. Þá var Símanum gert að greiða Sýn 3.500.000 krónur í málskostnað. Félagið áfrýjaði málinu til Landsréttar og gerði kröfur um hærri bótafjárhæð.

Í máli nr. E-5072/2022 hefur gerði félagið skaðabótakröfu á hendur Símanum hf. vegna fjártjóns sem Síminn hf. hafði valdið félaginu í tengslum við brot gegn 5. mgr. 45. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011, samkeppnislögum nr. 44/2005 eða gegn tilteknum ákvæðum skilyrða satta sem Síminn hf. hafi gert við samkeppnisyrðingum, vegna tímabilsins 2. des. 2017 til 31. des. 2019. Byggir félagið á því að brot Símans hf. hafi skilað Símanum hf. miklum ávinningi í formi aukinna fjarskiptaviðskipta og valdið félaginu samsvarandi tjóni. Efnisdómur var kveðinn upp í héraði þann 6. janúar 2025 þar sem fallist var á þriðju varakröfu Sýnar í málinu og Símanum var gert að greiða félaginu 33.940.713 krónur auk dráttarvaxta frá 3. nóvember 2022 til greiðsludags vegna ólögmætra og saknæmra markaðsaðgerða. Þá var Símanum gert að greiða Sýn 2.500.000 krónur í málskostnað. Áfrýjunarfrestur er nú útrunninn og hvorugur málsaðili skaut málinu til Landréttar.

### Samkomulag um lúkningu framangreindra mála

Þann 28. mars 2025 gerðu Sýn hf. og Síminn hf. með sér samkomulag um lúkningu þeirra mála sem greint hefur verið frá hér að framan.

Aðilar samkomulagsins höfðu báðir áfrýjað niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2362/2020 til Landsréttar, sbr. landsréttarmál nr. 221/2024. Með samkomulaginu sammæltust aðilar um að fella niður ofangreint mál í Landsrétti án kostnaðar.

Með samkomulaginu fór jafnframt fram fullnaðaruppgjör milli aðila á þeim kröfum sem fjallað var um í dómsmálunum tveimur. Í árshlutareikningi fyrsta ársfjórðungs 2024 voru tekjufærðar 29 millj. kr. vegna niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu E-2362/2020, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að ofan. Eftirstöðvar þess máls, sem og full greiðsla vegna seinni dómsins í máli nr. E-5072/2022, var tekjufærð vegna fyrsta ársfjórðungi 2025, samtals kr. 48 millj. kr.